

## Könnunarskurðir í Bænhúshól í Hnífsdal



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Nóvember 2015  
NV nr. 26-15

## Inngangur

Fornleifarannsókn fór fram í Hnífsdal dagana 11-12. júlí 2015. Markmið rannsóknarinnar var að reyna að finna elstu leifar byggðar í Hnífsdal með fornleifarannsóknnum á elstu býlum á svæðinu.

Kristján Pálsson sagnfræðingur vinnur að ritun sögu Hnífsdals og er þessi rannsókn hluti af byggðasögurannsókn hans. Það hefur færst í vöxt að sagnfræðingar sem vinna að byggðasögurritun og rannsóknnum fái til liðs við sig fornleifafræðinga til rannsókna. Gott dæmi um það er samstarf Hjalta Pálssonar og Byggðasafns Skagafjarðar en undanfarin ár hefur fornleifadeild byggðasafnsins unnið með Hjalta að rannsóknnum í tengslum við ritun byggðasögu Skagfirðinga (Munnleg heimild: Guðný Zoëga, 2015).

Vettvangsrannsókn var gerð í Hnífsdal í ágúst 2014 af fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Skoðuð voru elstu býli sem vitað er um á svæðinu og gerð rannsóknaráætlun sem miðar að því að rannsaka elstu byggð í Hnífsdal, aldur og þróun hennar. Fyrsti áfangi þeirrar rannsóknar hófst í júlí 2015 með gerð tveggja könnunarskurða í landi Neðri-Hnífsdals.

Leyfi til fornleifarannsókna í Hnífsdal var gefið út þann 2. júlí 2015 og fékk rannsóknin rannsóknarnúmerið 201507-0004 og Þjóðminjasafnsnúmerið 2015-43. Leyfi landeigenda sem er í þessu tilviki Ísafjarðarbær, var gefið á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 13. maí 2015 og er nr. 2015030087. Rannsóknarleyfið var háð þeim skilyrðum að ef grafir kæmu í ljós yrðu þær ekki opnaðar að þessu sinni <sup>1</sup>. Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða sá um rannsóknina. Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur stjórnaði rannsókninni og með henni störfuðu fornleifafræðingarnir Margrét Björk Magnúsdóttir og Rúna Þráinsdóttir.

---

<sup>1</sup> Minjastofnun Íslands, Mí 201507-0004/8.02.0.I.

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
Efnisyfirlit.....	3
Rannsóknarmarkmið .....	4
Aðferðarfræði.....	4
Hnífsdalur Neðri .....	4
Framkvæmd.....	5
Könnunarskurður A.....	6
Könnunarskurður B.....	7
Niðurstöður .....	8
Gripaskrá .....	10
Einingarskrá .....	15
Heimildaskrá.....	16

## Rannsóknarmarkmið

Skurðirnir voru staðsettir á hól sem kallast *Bænhúshóll* en örnefni um kirkjur og bænhús hafa oft reynst rétt og óþekkt bænhús og kirkjur fundist þar sem kirkjuörnefi eru. Kirkja í Neðri-Hnífsdal er óþekkt og hennar ekki getið í Kirknaskrá Páls biskups frá 1200. Ekki er heldur getið um bænhús í Hnífsdal hjá Sveini Níelssyni í *Presta tal og prófasta á Íslandi*<sup>2</sup>, né í grein um „Guðshús í Norður-Ísafjarðarsýslu“ eftir Lýð B. Björnsson<sup>3</sup>. Þar er hinsvegar getið til um kirkju eða bænhús á öllum lögbýlunum í Skutulsfirði nema í Hnífsdal. Þrjú lögbýli eru í Hnífsdal samkvæmt Árnámáldaga frá 1286<sup>4</sup> og verður því að telja nær útilokað að ekkert bænhús hafi verið reist í Hnífsdal. Markmiðið var að kanna hvort á Bænhúshól væri merki um bænhús eða grafir. Ef graffyllingar kæmu í ljós væri orðið ljóst að byggð hefði hafist í Neðri- Hnífsdal fyrir árið 1200.

## Aðferðarfræði

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Skurðirnir voru handgrafnir. Gripir hafa verið skráðir í gagnagrunn Sarp í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Þeir finnast þar undir safnanúmerinu 2015-43. Lögin sem grafin verða upp á hverjum stað verða merkt með númerum C#[xxx]) hér á eftir.

## Hnífsdalur Neðri

Jörðin Neðri-Hnífsdalur kemur fyrst fyrir í heimildum frá 15. öld, Fremri-Hnífsdalur á 16. öld og Bakki á 17 öld. Líklegt er að Hnífsdalur hafi í upphafi verið ein jörð sem síðan skiptist og að Bakki hafi í öndverðu verið hjáleiga Hnífsdals en orðið síðar sjálfstæð jörð. Þó svo að Hnífsdalur komi ekki fyrir í heimildum fyrr en á 15. öld er líklegt að jörðin hafi byggst mun fyrr og verið komin í byggð um svipað leyti og Eyri og Arnardalur.

---

<sup>2</sup> Sveinn Níelsson, 1869.


<sup>3</sup> Lýður B. Björnsson, 1971.

<sup>4</sup> Jón Þ. Þór., 1984:35.

## Framkvæmd

Bænhúshóll er greinilegur hóll sem er staðsettur norðan við Félagsheimilið í Hnífsdal, neðan við íbúðarhúsið á Heimabæjarstíg 3 (sjá mynd 1 og mynd 2).

Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu Neðri Hnífsdals. Kort: NAVE/HBA.



Mynd 2. Staðsetning rannsóknarsvæðis og skurða. Kort: NAVE/HBA. Loftmynd: Skjáskot af vefsíðu Minjastofnunar.



**Könnunarskurður A**

Staðsetning (ísnet): N 630064 A 313713

Á bænhúshól er staðsettur hjallur sem er enn í notkun. Hjallurinn er nokkurn veginn á miðjum hólnum. Skurðurinn var tekinn norðan við hjallinn og vísaði í norður og suður. Skurðurinn var 1 metri á breidd og 3 metrar á lengd.

Eftir að grastorfa hafði verið stunginn upp kom í ljós ljósbrúnt moldarlag sem var laust í sér og fullt af rusli (C#[101]). Auk þess var, ásamt leirker, járn, gler, gjall, krítarpípur, naglar og önglar. Lagið var um 30-40 cm á þykkt.

Lag C#[102] var litríkt torflag með gulum, appelsínugulum og rauðbrúnum torflitum og var það um 15 cm á þykkt. Undir því lagi var smá linsa með leirkersbrotum og kolum (C#[103]).

Lag C# [104] var óhreyft af mjög dökkum gráum og blautum mó.



Mynd 4. Rannsóknarsvæðið. Kristján Pálsson stendur við skurð A.



Mynd 3. Skurður A. Torflag C#102 undir ruslalagi C#101.

**Könnunarskurður B**

Staðsetning (ísnet): N 630065 A 313715

Skurður B var tekin rétt við suðurhorn hjallsins og lá skurðurinn í norður – suður. Hann var 1 metri á breidd og 2 metrar á lengd. Strax og grasrót hafði verið tekin af kom í ljós þétt lag af sæbörðu grjóti (lag C#[201]). Grjótið var allt í svipaðri stærð og hafði verið sett upp á rönd í torflag C#[202] sem var um 3 cm á þykkt. Greinilegt var að grjótið hafði verið hagalaga



Mynd 5. Skurður B. Á myndinni sést lag C#[201], sem var steinstétt sem hefur verið gerð til að þurrka fisk.

lagt þarna til að mynda stétt. Undir torflaginu (C#[202]) var óhreyft lag (C#[203]), brúnleit sendin mold sem má sjá í opnum prófil í hlið hólsins sem vísar í átt af félagsheimili og hóllinn virðist myndaður af.



Mynd 6. Óhreyft lag (C#[203]) undir steinstéttinni.

## Niðurstöður

Greinilegt er að Bænhúshóll skipist í tvö svæði. Suður af hjalli sem stendur á miðjum hólnum er moldarkennt þurrt malarlag og er gróður þar mjög ólíkur norður hlið hólins.

Á suðurhlið hólins fannst stéttin sem hefur verið lögð þarna. Bæði eru til heimildir sem og ljósmyndir sem sýna að á suðurhluta hólins var fiskur þurrkaður. Mjög sterkar líkur eru á því að þessi hleðsla hafi verið sett þarna til að þurrka fisk á en það er mjög þekkt aðferð að leggja fisk á grjót til þurrkunar. Engin mannvistarlög fundust undur steinhleðslunni.

Suður af hjallinum sem stendur á miðjum hólnum er mikill gróður, þar var skurður A tekinn. Svo virðist sem ruslslag hafi verið flatt út á þessu svæði og myndar um 40-50 sentímetra lag. Þar sem gripir virðast vera mjög ólíkir í aldri er líklegt að öskuhaugur hafi verið fluttur út á svæðinu. Ofan við Bænhúshól er brekka sem liggur að svæðinu þar sem bæirnir stóðu. Ekki var óalgengt þegar bæir stóðu á hólum að rusli var hent fram að hólnum og mynduðust þar oft mörg hundurð ára ruslahaugar. Neðri Hnífsdalur og Heimabæir standa á stalli og er töluverð brekka upp að þeim, beint niður af stóru fjölbýlishúsi sem stendur við Heimabæjarstíg 3. Á túnakorti frá því um 1920 eru matjurtargarðar í brekkunni. Samkvæmt heimildarmanni Kristjáns Pálssonar er jarðvegur þar mjög svartur og ýmiskonar bein og rusl komu upp þegar kartöflugarðarnir voru stungnir upp þarna í brekkunum. Jarðvegur og gróður virðist vera sami í brekkunum þar sem matjurtargarðarnir voru og á norðurhluta Bænhúshóls. Því má draga þá ályktun að í brekkunum þar sem áður voru matjurtargarðar hafi rusli verið hent áður. Líklegast er þar sem þessir garðar hafa verið lengi í notkun að vélar hafi verið notaðar til plægingar og lagfæringa á svæðinu og því hafi margra aldar ruslahaugur verið notaður sem uppfylling og jarðvegur í þessa matjurtargarða. Það kemur heim og saman við mjög ólíkan aldur á gripum í lagi C#[101].

Ekki verður hægt að skýra torflag í skurði A sem lá undir ruslslaginu þar sem ekki var hægt að sjá að torfið hafi verið lagt þar reglulega eins og þegar um byggingu eða vegg er að ræða. Ruslslag undir torflaginu bendir hinsvegar sterklega til að torfið sé ekki þarna fyrir tilviljun. Hugsanlega getur verið um að ræða torf sem hefur tilheyrt einhverri byggingu og verið flatt út þarna á svæðinu.

Ekki fundust nein merki um grafir né bænhús í þessum tveimur skurðum sem grafnir voru í þessum fyrsta áfanga. Hinsvegar fundust leifar af fiskþurrkunarreit og merki um matjurtargarða sem gerðir hafa verið í margra alda ruslahaug frá bæjunum sem stóðu ofar í hlíðinni. Örnefnið Bænhúshóll er hinsvegar sterkt og þó ekki hafi fundist merki um bænhús í þessum tveimur skurðum er alls ekki hægt að útiloka að bænhús hafi staðið þarna fyrir árið 1200.

Nokkuð fannst af bræðslugjalli í skurði A sem bendir til þess að öskuhaugurinn sé hugsanlega frá því fyrir 1500 en þá er talið að rauðablástur hafi lagst að mestu af á Íslandi. Krítarpípubrot fundust einnig en krítarpípur eru taldar hafa borist til Íslands eftir 1600. Ljóst er því að öskuhaugar frá bæjunum hafa verið í brekkunni og verið ýtt út
















við framkvæmdir í matjurtargörðunum og það orsakað að samhengi gripanna í öskuhaugnum hafi raskast. Athyglisvert er að fá bein fundust í öskuhaugnum en þau eru oftast stærsti gripaflokkur í öskuhaugum.











## Gripaskrá










Tafla 1. Gripaskrá úr Sarp.



Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð	Context Eining	Skurður	Mynd
Krftarpípur	2015-43-1	Hvítleir	Könnunarskurður	C#102	A	
Gler	2015-43-2	Gler	Könnunarskurður	C#102	A	
Gler	2015-43-3	Gler	Könnunarskurður	C#102	A	
Flöskugler	2015-43-4	Gler	Könnunarskurður	C#102	A	
Glerrúða	2015-43-5	Gler	Könnunarskurður	C#102	A	
Glerbrot	2015-43-6	Gler	Könnunarskurður	C#102	A	
Nagli	2015-43-7	Járn	Könnunarskurður	C#102	A	
Nagli	2015-43-8	Járn	Könnunarskurður	C#102	A	
Nagli	2015-43-9	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	

Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð	Context Eining	Skurður	Mynd
Nagli	2015-43-10	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-11	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-12	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-13	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-14	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-15	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-16	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-17	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Nagli	2015-43-18	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	

Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð	Context Eining	Skurður	Mynd
Nagli	2015-43-19	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Öngull	2015-43-20	Járn	Könnunarskurður	C#101	A	
Kol	2015-43-21	Kol	Könnunarskurður	C#101	A	Engin mynd
Leirkersbrot	2015-43-22	Hvítleir, Leir	Könnunarskurður	C#101	A	
Krítarpípa	2015-43-23	Leir	Könnunarskurður	C#101	A	

Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð	Tegund	Context Eining	Skurður	Mynd
Nagli	2015-43-24	Járn	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Rúðuglerbrot	2015-43-25	Gler	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-26	Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-27	Leir, Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-28	Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-29	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-30	Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-32	Leir, Steinleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-33	Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-34	Steinleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	

Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð	Tegund	Context Eining	Skurður	Mynd
Leirkersbrot	2015-43-35	Rauðleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirkersbrot	2015-43-36	Steinleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
	2015-43-37		Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirtau	2015-43-38		Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	
Leirtau	2015-43-40	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#101	A	Engin mynd
Leirtau	2015-43-41	Hvítleir		Jarðlag	C#101	A	
Leirtau	2015-43-42	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	
Leirtau	2015-43-43	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	
Postulín	2015-43-44	Postulínsleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	
Leirkersbrot	2015-43-45	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	

Gripur	Númer	Lýsing	Aðferð			Skurður	Mynd
Leirkersbrot	2015-43-46	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	
Leirkersbrot	2015-43-47	Hvítleir	Könnunarskurður	Jarðlag	C#102	A	

### Sýnaskrá

Númer sýna sem tekin voru

2015-43-001 Gjall

2015-43-002 Steinkol

2015-43-003 Dýrabein

### Einingarskrá

Eining númer	Staður	Lýsing	Litur/Áferð
C#101	Könnunarskurður A	Ruslaga, mikið af gripum á ólíkum aldri.	Svart/dökkbrúnt, laust í sér.
C#102	Könnunarskurður A	Blaut torflag.	Appelsínugult.
C#103	Könnunarskurður A	Smá linsa með gripum.	Dökkbrúnt.
C#104	Könnunarskurður A	Svartur mór óhreyft.	Svart blautt.
C#201	Könnunarskurður B	Stein stétt lögð með litlu sæbörðu grjóti.	Grátt.
C#202	Könnunarskurður B	Torflag sem steinar eru settir í.	Brúnt með smá appelsínugulu.
C#203	Könnunarskurður B	Óhreyft brúnt moldarlag.	Brúnt.

**Heimildaskrá**

Jón Þ. Þór. 1984. *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna*. Ísafirði.

Lýður B. Björnsson. 1971. *Guðshús í Norður-Ísafjarðarsýslu*. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga.

Minjastofnun Íslands. 2015. Leyfi Minjastofnunar Mí 201507-0004/8.02.O.I.

Sveinn Níelsson. 1869. *Presta tal og prófaste á Ísland*. Kaupmannahöfn.